

Nd.

136. Breytingartillögur

[4. mál]

við frv. til l. um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

1. Við 2. gr.

a. 1. málsg. hljóði svo:

Heilbrigðisnefnd skal vera í hverju sveitarfélagi landsins. Með leyfi ráðherra er þó sveitarfélögum heimilt að sameina umdæmi heilbrigðisnefnda, þannig að það nái yfir tvö eða fleiri sveitarfélög.

b. 3. málsg. hljóði svo:

Heilbrigðisnefnd skal kosin af sveitarstjórn til 4 ára í senn að afloknum hverjum almennum sveitarstjórnarkosningum. Um kosningatilhögun heilbrigðisnefndar samkvæmt 2. másl. 1. málsg. skulu vera ákvæði í samningum sveitarfélaga um sameiningu umdæma.

2. Við 5. gr. Síðasta málsg. falli niður.

3. Við 7. gr. 5. málsg. orðist svo:

Sveitarstjórn ræður heilbrigðisfulltrúa að fenginni tillögu heilbrigðisnefndar og umsögn héraðslæknis og setur honum erindisbréf með ráði sömu aðila. Laun hans skulu greidd úr sveitarsjóði.